



**Námsgrein: Danska**

---

***Kennsluáðferðir og skipulag:***

*Danska er kennd tvær kennslustundir á viku ásamt einum svæðatíma. Nemendur vinna út frá hæfniviðmiðum úr aðalnámskrá grunnskólanna. Í hæfniviðmiðum er unnið í 7 flokkum:*

- *Hlustun*
- *Lesskilningur*
- *Samskipti*
- *frásögn*
- *Ritun*
- *Menningarlæsi*
- *Námshæfni*

*Unnið er í hópum eða einstaklingslega eftir því sem best hentar. Áhersla er lögð á sem fjölbreyttasta kennsluhætti.*

Hæfniviðmið	Kennsluhættir og námsefni	Námsmat
<b>Hlustun</b>		
Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.	Nemendur hlusta og horfa á mismunandi texta og myndbönd.	Hlustun Framsögn

<p>Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.</p> <p>Geti skilið í meginatriðum samtöl sem tengjast viðfangsefnum námsins.</p>	<p>Nemendur vinna verkefni sem tengjast námsefninu</p>	<p>Ritun</p>
<b>Lesskilningur</b>		
<p>Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.</p> <p>Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt</p> <p>Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.</p>	<p>Heimalestur, tímalestur og samlestur.</p> <p>Lestur og verkefnavinna.</p>	<p>Lesskilningur</p> <p>Lestur á bókmenntum</p> <p>Ritun</p>
<b>Samskipti</b>		
<p>Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.</p> <p>Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum.</p> <p>Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.</p>	<p>Samtalsæfingar og paraæfingar, munnlegar æfingar.</p> <p>Leikþættir</p>	<p>Munnlegar æfingar</p>
<b>Frásögn</b>		

<p>Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.</p> <p>Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.</p> <p>Samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.</p>	<p>Kynningar /framsögn</p>	<p>Metnar kynningar</p>
<p><b>Ritun</b></p>		
<p>Skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.</p> <p>Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.</p> <p>Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.</p> <p>Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín.</p>	<p>Textagerð, þýðingar</p>	<p>Ritun</p>
<p><b>Menningarläsi</b></p>		
<p>Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni.</p> <p>Sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma.</p> <p>Getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska.</p>	<p>Leikþættir</p> <p>Spjall um efni sem horft er á eða hlustað.</p>	

Námshæfni		
<p>Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.</p> <p>Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf.</p> <p>Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi</p> <p>Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.</p> <p>Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.</p>		